

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/841
komudagur 23.1.2004



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Alþingi
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Alþingi
150


Amarhvoll 150 Reykjavík
kennitala: 550169 - 2829
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
veffang: <http://www.raduneyti.is/fjr>

Reykjavík 21. janúar 2004
Tilvísun: FJR03120068/001-9/ÞV/--

Með bréfi yðar, dags. 12. desember 2003 var fjármálaráðuneytinu sent til umsagnar frumvarp til laga um starfsmenn í hlutastörfum, 411. mál EES-reglur. Er þess óskað að umsögn ráðuneytisins berist eigi síðar en 22. janúar 2004.


Af ofangreindu tilefni vill ráðuneytið taka fram að viðræður ríkisins, launanefndar sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar við fulltrúa heildarsamtaka stéttarfélaga á opinberum vinnumarkaði, um innleiðingu rammatilskipunarinnar um hlutastörf með kjarasamningi, strönduðu á gildissviði slíks samnings. Í framhaldi af því var samið í félagsmálaráðuneytinu, í nánu samstarfi við framangreinda hagsmunaaðila, frumvarp það sem nú hefur verið lagt fram.

Í almennum athugasemdum frumvarpsins er vísað til greinargerðar fjármálaráðuneytisins, sbr. bréf þess til félagsmálaráðherra, dags. 5. júní 2003, sem hér fylgir í ljósriti. Ráðuneytið telur að sjónarmið þess komi að meginsstefnu fram í nefndu bréfi og ítrekar þá afstöðu, sem þar kemur fram að undanþágan, sbr. 3. mgr. 2. mgr. frumvarpsins, sé ekki andstæð evrópurétti eða íslenskum réttarreglum og hafi ekki áhrif á markmið tilskipunarinnar sjálfrar. Í því sambandi má benda á að undanþágan hefur verið nýtt af öðrum Evrópuþjóðum, þ. á m. í Danmörku, en af hálfu hinna opinberu aðila var einkum litið til þess hvernig tilskipunin var innleidd þar í landi.



Gunnar Björnsson

F.h.r.



Þórhallur Vilhjálmsson



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hr. Árni Magnússon, félagsmálaráðherra
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík.

Arnarhvoll 150 Reykjavík
kennitala: 550169 - 2829
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
veffang: <http://www.raduneyti.is/fjr>

Reykjavík 5. júní 2003

Tilvísun: F199900169/535-11/ÞV/--

Fjármálaráðuneytið vísar til fyrri bréfaskipta vegna innleiðingar á tilskipun nr. 97/81/EB frá 15. desember 1997, um rammasamninginn um hlutastörf, sem UNIC, CEEP og ETUC stóðu að og vísað er til í 31. lið XVIII viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Í desember 2002 hófu fulltrúar fjármálaráðherra, Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga viðræður við fulltrúa BHM, KÍ, BSRB og ASÍ um innleiðingu á efni gerðarinnar með samningum. Viðræðunum lauk 26. maí s.l., án þess að aðilar næðu samningum.

1.

Hinn 19. mars 1999 fór félagsmálaráðuneytið þess á leit við samtök atvinnurekenda og launamanna að þau tækju kjarasamninga sína til athugunar og endurskoðunar í þeim tilgangi að kanna hvort þeir geymdu ákvæði sem gætu mismunað þeim sem stunduðu hlutastörf með það að markmiði að afnema slík ákvæði. Eins og kunnugt er tóku málin þá stefnu að Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Samtök atvinnulífsins (SA) hófu viðræðurnar sín á milli. Á árunum 2000-2001 munu fulltrúar Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga hafa fundað með fulltrúum BSRB, BHM og KÍ um málið. Einnig átti fjármálaráðuneytið fund með BSRB og BHM 25. ágúst 2000, Segja má því að viðræður annarra biðu að meginstefnu þangað til fyrrnefndir aðilar undirrituðu *samning um hlutastörf*, 13. nóvember 2003. Ekki er á þessu stigi ástæða til þess að rekja nánar samskipti aðila fram að þeim tíma.

Með bréfi félagsmálaráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2002, gerði ráðuneytið grein fyrir því að til þess að gerðin gæti talist innleidd á fullnægjandi hátt hér á landi þyrfti einnig að koma til

samningar um efni hennar er giltu um starfsmenn ríkis og sveitarfélaga.

Á fyrsta fundi samningsaðila 9. desember 2002 lögðu heildarsamtökinn fram drög að samningi um réttindi starfsmanna í hlutastörfum milli ASÍ, BHM, BSRB og Kennarasambands Íslands annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanevndar sveitarfélaga hins vegar. Byggðu þau á áðurnefndum samningi SA og ASÍ að breyttu breytanda. Þegar samningaviðræðum aðila lauk 26. maí s.l. lágu fyrir 7. drög að samningi um hlutastörf, sem hér fylgja með. Viðræðurnar beindust einkum að gildissviði væntanlegs samnings, þ.e.a.s. hvaða hlutastörf samkvæmt tilskipuninni skyldu undanþegin samningnum, sbr. heimild 2. tl. 2. gr. rammasamningsins. Einnig ræddu aðilar um orðalag 5. gr. samningsdraganna. Aðilar voru þó sammála um að þar skyldi fylgja orðalagi 2. töluliðar 5. gr. rammasamningsins.

2.

Með tilskipun nr. 97/81/EB, um hlutastörf, er fest í sessi regla um jafna meðhöndlun þeirra sem ráðnir eru í hlutastörf og þeirra sem eru í fullu starfi. Tilgangur tilskipunarinnar er að tryggja starfsmönnum í hlutastörfum sömu réttindi í vinnusambandinu og þeim sem eru í fullu starfi og stuðla þannig frekar að skipulagningu sveigjanlegs vinnutíma. Meginsjónarmiðið er jöfn meðhöndlun hlutavinnandi og þeirra sem eru í fullu starfi, nema mismunun verði réttlætt á grundvelli hlutlægra ástæðna. Þannig verður starfsmönnum ekki mismunað með tilvísun til starfshlutfalls. Í inngangsorðum rammasamningsins segir að með samningnum sé viðurkennt að aðstæður í aðildarríkjunum séu misjafnar og að hlutastörf séu ákveðinn þáttur á vissum sviðum innan tiltekinnar starfsemi og enn fremur séu í samningnum settar fram almennar meginreglur og lágmarksreglur er varða hlutastörf. Samningsaðilar hafa ekki deilt um framangreind sjónarmið.

Heimildin í 2. tl. 2. gr. rammasamningsins um undanþágur frá gildissviði samningsins leiðir til þess að samningsaðilum er mögulegt að taka mið af hefðum í löggjöf og kjarasamningum í hverju landi fyrir sig, m.a. með því að undanskilja þá launþega sem eru „lausráðnir í hlutastörf“ (e. on casual basis), enda byggist slíkt á hlutlægum og málefnalegum ástæðum. Löng hefð er fyrir því í kjarasamningum opinberra starfsmanna að greina á milli þeirra sem ráðnir eru í tímavinnu og annarra sem ráðnir eru á mánaðarlaun. Eitt meginneikenni slíks ráðningarfyrirkomulags er að hinir fyrrnefndu eru almennt ekki taldir í föstu ráðningarsambandi og skyldur þeirra því ekki sambærilegar því sem gerist almennt hjá mánaðarkaupsfólki. Einnig má benda hér á að tímakaup í dagvinnu er almennt hlutfallslegahærra en hjá þeim sem ráðnir eru á mánaðarlaun. Í kjarasamningum opinberra starfsmanna eru taldar þær hlutlægu ástæður sem heimila ráðningu tímakaupsmanna. Sambærileg ákvæði finnast einnig í kjarasamningum Launanevndar sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar annars vegar og aðildarfélaga ASÍ hins vegar, en þó almennt ekki í kjarasamningum fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og aðildarfélaga ASÍ.


Af hálfu fulltrúa fjármálaráðherra, Launanevndar sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar var lagt

til á fundi aðila 31. mars s.l. að byggt yrði á því að tímakaupsfólk væri undanskilið gildissviði samningsins enda gert ráð fyrir slíku ráðningarfyrirkomulagi á grundvelli hlutlægra ástæðna í viðkomandi kjarasamningi. Jafnframt var lagt til að samningsaðilar myndu endurmeta heimildir kjarasamninga til greiðslu tímakaups til þess að ganga úr skugga um að hlutlægar ástæður byggju þar að baki. Með þessu fyrirkomulagi yrði tryggt að ekki væri farið gegn gildandi kjarasamningum aðila og að ráðrúm gæfist til þess að endurmeta og skýra nánar eftir atvikum þær hlutlægu ástæður sem heimiluðu ráðningu tímakaupsfólks. Fulltrúar opinberra vinnuveitenda, hafa haldið því fram í samningaviðræðunum að hægt sé að undanskilja þá launþega sem eru tímakaupsráðnir með málefnalegum rökum. Heimild til þess er í tilskipuninni sjálfri, 2. tl. 2. gr. tilskipunarinnar, og heimildin hefur verið nýtt í öðrum Evrópulöndum, t.d. Danmörku. Undanþágan er því ekki andstæð evrópurétti eða íslenskum réttarreglum og hefur ekki áhrif á markmið tilskipunarinnar sjálfrar. Tilskipunin felur ekki í sér bein réttaráhrif varðandi niðurfellingu tímakaupsráðningarforms. Markmið tilskipunarinnar er að ekki eigi að mismuna launþegum í hlutastarfi og launþega sem er í fullu starfi og stuðla eigi að þróun hlutastarfa, þannig að tekið sé tillit til þarfa vinnuveitenda og launþega. Þessi túlkun endurspeglast í kjarasamningum starfsmanna ríkis og sveitarfélaga í Danmörku, en þar eru lausráðnir starfsmenn eða tímakaupsráðnir, undanskildir gildissviði tilskipunarinnar. Opinberir vinnuveitendur gera ekki kjarasamninga við systurfélög ASÍ félaga í Danmörku. Fram hefur komið á samningafundum að BSRB, KÍ og BHM voru tilbúin að samþykka undanþágur gagnvart tímakaupsfólki en ekki ASÍ.

3.

Eins og fram kemur hér að framan náðist ekki samstaða meðal heildarsamtakanna um samning byggðan á efni rammasamningsins um hlutastörf. Er því ljóst að ekki verður gerður kjarasamningur um efni tilskipunar nr. 97/81/EB eins og vænst var til í bréfi félagsmálaráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2002. Verði niðurstaða félagsmálaráðuneytisins sú að leggja fram frumvarp til þess að innleiða efni tilskipunarinnar, áréttar fjármálaráðuneytið að þar verði gætt þeirra sjónarmiða sem rakin hafa verið hér að framan. Ráðuneytið áskilur sér jafnframt allan rétt til þess að koma á framfæri athugasemdum sínum á síðari stigum, gerist þess þörf.

F.h.r.


Gunnar Björnsson / Þórhallur Vilhjálmsson